



HRUNAMANNAREPPUR

59. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

23. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 19. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi liðir:

14: Næsti fundur sveitarstjórnar.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 12. fundar frá 9. desember 2024.**
Lögð fram fundargerð 12. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. **Fundargerð 293. fundar skipulagsnefndar frá 11. desember 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember sl.**
Lögð fram fundargerð 293. fundar skipulagsnefndar frá 11. desember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 24. Birtingaholt 4: Stækkaður byggingarreitur; Deiliskipulagsbreyting.
Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Birtingaholts 4 L166728. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur sem liggur frá núverandi byggingu til norðvesturs þar sem ætlunin er að stækka fjósið á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt á svæðinu.

Handwritten signatures: AJ, DG, SB, BA, ARJ

Mál nr. 25. Efra-Sel golfvöllur: Breyting á verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels golfvallar L203094. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 10 gestahúsum á reit A og allt að 30 herbergja gistiálmu á byggingarreit B eða samtals 80 gestum. Í breytingunni felst að öll gisting er færð í eina byggingu neðan við núverandi golfskála auk þess sem herbergjum er fjölgað í allt að 85, sem rúma 170 gesti. Breytt lega hótels kallar á breytingu á aðkomuvegi og bílastæðum. Fjölgun hótélherbergja kallar á breytingu á aðalskipulagi og sú breyting er í ferli samhliða beiðni um breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi og verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu sem tekur til svæðisins.

Mál nr. 26. Birtingaholt 1: Birtingaholt 1D og 1D land; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsáætlunar sem tekur til tveggja nýrra lóða úr landi Birtingaholts 1. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir grænmetisræktun, allt að 500 m² aðstöðuhúsi innan byggingarreits og allt að 165 m² íbúðarhúsi. Innan byggingarreits aðstöðuhúss er einnig gert ráð fyrir aðstöðuplani og bílastæðum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að staðföng lóðanna verði tekin til nánari skoðunar m.t.t. reglugerðar um skráningu staðfanga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist sveitarstjórn til þess að staðföng lóðanna verði tekin til nánari skoðunar m.t.t. reglugerðar um skráningu staðfanga.

Mál nr. 27. Syðra-Langholt: Stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting.


Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til stækkunar á byggingarreits innan lands Syðra-Langholts L207348.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan svæðisins.

Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember sl.



3. **Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Fundargerð 3. fundar frá 4. desember 2024.**
Lögð fram fundargerð 3. fundar Öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Varðandi áskorun um að teknir verði upp frístundastyrkir til eldri borgara og öryrkja líkt og gert er fyrir börn og ungmenni þá mun sveitarstjórn nýta komandi ár til að kanna með hvaða hætti þeim viðfangsefnum sem felast í góðri þjónustu við eldra fólk verður best fyrir komið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 240. fundar frá 3. desember 2024.**
Lögð fram fundargerð 240. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

5. **Boð um umsögn um drög að flokkun vindorkuvera frá 12. desember 2024.**

Lagt fram boð frá Umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytinu um þátttöku í samráði: Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna.

Sveitarstjórn telur að nauðsynlegt sé að kynna betur þau áhrif sem Hrútmúlavirkjun gæti haft í Hrunamannahreppi áður en frekari ákvarðandir verða teknar um framkvæmdina enda ljóst að fjölmörg álitaefni eru uppi varðandi þennan virkjunarkost. Virkjunarkosturinn er í öðru sæti varðandi þá virkjunarkosti sem mest áhrif munu hafa á ferðamennsku og útivist og mest áhrif allra kostanna á fuglalíf svo dæmi sé tekið. Faghópar sem unnu flokkunina telja að flest áhrif þessa virkjunarkosts séu neikvæð og gera þeir jafnfram athugasemdir við að áformin hafi ekki verið kynnt og fengið betri umfjöllun í nærumhverfinu. Sveitarstjórn telur því að víðtækara samráð verði að eiga sér stað áður en að vindorkuver yrði leyft á þessum stað. Sveitarstjórn telur að sérstaklega eigi samtalið að eiga sér stað við Hrunamenn þar sem áhrifa vindorkuversins mun ekki síst gæta í Hrunamannahreppi.

6. **Beiðni frá Innviðaráðuneytinu og Umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytinu um upplýsingar varðandi umhverfismál frá 16. desember 2024.**

Lögð fram beiðni frá Innviðaráðuneytinu og Umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytinu um upplýsingar varðandi umhverfismál hjá sveitarfélaginu. Um er að ræða aðgerð í gildandi stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga en markmið aðgerðarinnar er að skapa grundvöll fyrir markvissari árangri, samtali og samstarfi ríkis og sveitarfélaga á sviði umhverfismála.

Sveitarstjórn felur yfirmanni eignasjóðs og umhverfismála að svara erindinu.

7. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, brennuleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hrunamannahrepps um brennuleyfi vegna áramótabrennu og þrettándabrennu við tjaldsvæðið á Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

8. **Vatnsveita Blákvísl: Stærðarflokkar og fyrstu drög að kostnaðaráætlun.**

Lögð fram fyrstu drög að kostnaðaráætlun og stærðarflokkar vegna vatnsveitu Blákvísl. Á fundinn mætti Hannibal Kjartansson, veitustjóri, og kynnti kostnaðaráætlunina og þær forsendur sem hún byggir á.

HA

ARJ

DB
DAS

3

BV

Lagt fram til kynningar en málið verður unnið áfram á árinu 2025. Einnig samþykkir sveitarstjórn að fenginn verði ráðgjafi til að verkefnastýra verkefninu í samræmi við umræður á fundinum en gert er ráð fyrir slíkri vinnu í fjárfestingaáætlun ársins 2025.

9. Ályktun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna hækkaðs raforkuverðs.

Lögð fram ályktun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna hækkaðs raforkuverðs.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim gríðarlegu hækkunum á raforkuverði sem þegar hafa orðið og þeim viðbótar hækkunum sem boðaðar eru á næstu vikum. Það er ljóst að kostnaður og þá ekki síst garðyrkjubænda sem treysta á raflýsingu við framleiðslu sína mun hækka um allt að 30% um næstu áramót. Slíka hækkun geta garðyrkjubændur ekki borið án þess að hækka afurðaverð sitt til neytenda sem aftur getur orðið til þess að samkeppnisstaða innlendra framleiðenda verði verri en hún er í dag.

Það er með öllu ólíðandi að ráðist skuli með þessum hætti að grunnforsendum mikilvægrar matvælaframleiðslu í landinu á sama tíma og meðvitund okkar allra um fæðuöryggi þjóðarinnar er sífellt meira í umræðunni.

Í Hrunamannahreppi er fjöldi stórra, vel rekinna, garðyrkjustöðva sem treysta á lýsingu við framleiðslu sína. Rekstri þessara fyrirtækja er nú teft í tvísýnu með þeim hækkunum sem orðið hafa síðan að raforkumarkaðurinn Vonarskarð hóf að selja raforku til hæstbjóðenda á markaði sem síðan endurselja til notenda.

Sveitarstjórn hvetur stjórnvöld til að endurskoða fyrirkomulag við verðlagningu og sölu raforku áður en óbætanlegur skaði verður af því kerfi sem nú er til staðar. Einnig vill sveitarstjórn hvetja þingmenn til að beita sér fyrir ívilnunum til garðyrkjubænda til dæmis í formi styrkja til kaupa á sparneytnari lýsingarbúnaði sem allra fyrst, að öðrum kosti er hætta á að íslensk garðyrkja verði ekki svipur hjá sjón í framtíðinni.

10. Aðgerðaráætlun fyrir Barnvænt sveitarfélag.

Lögð fram aðgerðaráætlun fyrir Barnvænt sveitarfélag vegna innleiðingar Barnasáttmálans.

Sveitarstjórn fagnar þessum áfanga og samþykkir aðgerðaráætlunina samhljóða fyrir sitt leyti. Jafnframt vill sveitarstjórn þakka þeim fjölmörgu sem hér hafa lagt hönd á plóg og þó sérstaklega Kolbrúnu Haraldsdóttur sem borið hefur hitann og þungann af þessu verkefni.

11. Minnisblað frá starfshópi um leikskólamáli.

Lagt fram minnisblað frá starfshópi um leikskólamáli. Í minnisblaðinu er farið yfir vinnu spretthóps sem skipaður var af sveitarstjórn 3. október sl. Í minnisblaðinu kemur fram að ákveðið hefur verið að niðurstaða hópsins liggi fyrir fljótlega á nýju ári, og þá verði lögð til næstu skref við sveitarstjórn. Það hefur einnig verið lögð mikil áhersla á að víðtækt samráð verði haft við starfsfólk leikskólans, ráðhúsið og kjörna fulltrúa.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að hönnun hefjist hið allra fyrsta við viðbyggingu leikskólans.

12. Bréf frá VISS á Flúðum frá 13. desember 2024.

Lagt fram bréf frá VISS á Flúðum þar sem óskað er eftir endurskoðun á greiðslu mötuneytiskostnaðar starfsmanna.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Bergrisans um mögulega sameiginlega stefnu í mötuneytisgjaldskrá fyrir starfsfólk VISS.

13. Erindi frá Þránni Pálssyni frá 17.12.2024.

Lagt fram erindi frá Þránni Pálssyni þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til reksturs matarvagns á Flúðum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en gerir þó athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu að Hrunamannavegi 3. Sveitarstjórn samþykkir að fella sveitarstjóra að ræða við bréfitara um framhald málsins.

14. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður fyrri fund sveitarstjórnar sem samkvæmt samþykktum ætti að vera 2. janúar 2025. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn á hefðbundnum tíma eða 16. janúar n.k.

Fjárhagsleg málefni:

15. Erindi frá sveitarstjóra og oddvita frá 11. desember 2024.

Lagt fram erindi frá sveitarstjóra og oddvita varðandi tillögu að breytingum á launum launum þeirra. Í tillögunni er lagt til að samþykktar verði þær breytingar á ráðningarsamningum oddvita og sveitarstjóra að afnumin verði tenging launahækkana við launavísitölu frá og með 1. janúar 2024 og í staðinn hækki laun þeirra með sama hætti og flestir hafa þegar samið um.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera breytingu á ráðningarsamningum oddvita og sveitarstjóra með það fyrir augum að laun oddvita og sveitarstjóra hækki um 3,25% frá og með 1. janúar 2024 en engin launahækkun hefur átt sér stað til þeirra síðan 1. janúar 2023 þrátt fyrir ákvæði þar um í ráðningarsamningum.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að þann 1. janúar 2025 hækki laun þeirra um 3,5% en á þessu umrædda tímabili hefur launavísitalan hækkað um 12,5%.

Hækkun 1. janúar 2026 verði einnig 3,5% eins og í langtímakjarasamningum sem aðilar vinnumarkaðar hafa gert. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að verði breytingar á forsendum kjarasamninga þeirra sem vísað er til í tillögunni muni oddviti og sveitarstjóri fá sömu leiðréttingar og þar verður samið um.

16. Tillaga að greiðslum til sveitarstjórnar.

Lögð fram tillaga að nýju fyrirkomulagi á greiðslum til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða en tillagan felur í sér að framvegis verður hluti launa fólgin í fundasókn í stað þess að greiddar væru fastar greiðslur mánaðarlega til sveitarstjórnarmanna. Jafnframt er sveitarstjóra falið að gera reglur um greiðslur vegna funda sem sveitarstjórnarmenn eru kosnir til að mæta á og leggja fyrir sveitarstjórn á næsta ári.

17. Leigusamningur vegna leigurémis að Hrunamannavegi 3.

Lagður fram leigusamningur vegna leigurémis í kjallara Hrunamannavegar 3 við Héraðsskjalasafn Árnesinga sem áformar að nýta húsið sem fjargeymslu skjala.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

18. Opnun tilboða í verkið: Hrunamannavegur 3, heilsugæslustöð, frágangur og innréttingar.

Lögð fram fundargerð frá „Opnun tilboða í verkið Hrunamannavegur 3, heilsugæslustöð, frágangur og innréttingar.“ frá 11. desember 2024. 12 aðilar skiluðu tilboði.

DGS
[Handwritten signatures and initials in blue ink]

| | |
|---|----------------------|
| Próbygg | 153.504.855,- |
| Al-bygg | 247.711.277,- |
| Land og verk | 175.245.974,- |
| Norðanmenn | 146.648.123,- |
| Gæðabygg | 170.191.427,- |
| Tindhagur ehf. | 169.966.264,- |
| Selás byggingar og HR smíði | 128.468.927,- |
| Þróstur smíður ehf. | 145.454.090,- |
| Múr og málningarþjónustan og Höfði ehf. | 192.447.757,- |
| Vörðufell ehf. | 168.492.770,- |
| Tré og straumur ehf. | 138.576.262,- |
| (frávikstilboð: frávik í dúkategund) | |
| <u>Harri Kjartansson</u> | <u>131.191.578,-</u> |
| Kostnaðaráætlun Eflu: | 156.863.146,- |

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda enda uppfyllir hann öll skilyrði útboðs.

19. Gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna.

Lögð fram gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.

Mál til kynningar:

20. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 959. fundar stjórnar frá 29.11.2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:38



Davíð Guðmundsson



Bjarney Vignisdóttir

